

Strandgata 8-10

14.4.2026

Húsnæðisáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2026-2038

Fjölskylduráð Hafnarfjarðar



Hafnarfjörður

Húsnæðisáætlun Hafnarfjarðar til 2038

- Á fundi fjölskylduráðs þann 1. júlí 2025 samþykkti ráðið gerð húsnæðisáætlunar fyrir fatlað fólk til ársins 2038 með eftirfarandi bókun:
 - „Slík áætlun er forsenda þess að sveitarfélagið geti staðið við lagalegar skyldur sínar og tryggt fötluðu fólki viðeigandi og fjölbreytt búsetuúrræði, í samræmi við þarfir og réttindi hvers og eins. Með vísan í bókun ráðsins frá 11. mars sl. óskar fjölskylduráð eftir því að vinna hefjist og taki mið af núverandi stöðu og þróun í íbúðamálum næstu ár. Mikilvægt er að greining fari fram á þörfum á mismunandi búsetuformum, staðsetningu og mögulegri nýtingu lóða. Slík heildstæð áætlun styður við markmið sveitarfélagsins um sjálfstætt líf, valdeflingu og samfélagslega þátttöku fatlaðs fólks.“



Aðdragandi

- Í desember 2023 undirrituðu ríki og sveitarfélög samkomulag um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk.
 - Forsenda samkomulagsins var meðal annars að ná utan um fjármögnun á kostnaði þjónustu þeirra sem voru á biðlista eftir húsnæði.
- Þingsályktun um framkvæmdaráætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027.
 - Á grundvelli áætlunar skipaði félags- og húsnæðismálaráðuneytið starfshóp sem var falið að leggja fram kostnaðar- og ábatagreindar tillögur að úrbótum um húsnæðisöryggi.
 - Meðal verkefna hópsins var að skoða leiðir til að auka aðgengi fatlaðs fólks að húsnæði, bæði til leigu og eignar. Í starfshópnum sitja aðilar frá innviðaráðuneytinu, fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Sambandi Íslenskra sveitarfélaga og hagsmunasamtökum fatlaðs fólks. Niðurstöður hópsins eiga að liggja fyrir 15. apríl nk.
- Áhersla á aukinn húsnæðisstuðning úr fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
 - til uppbyggingar á sértæku húsnæði á vegum sveitarfélaga til að stuðla að nauðsynlegri uppbyggingu á húsnæði, stytta biðtíma og að íbúar á herbergjasambýlum þjóðist aðrir búsetukostir.



Áhætta og takmarkanir

- Húsnæðisáætlun er lögð fram á grundvelli núverandi forsenda, þar með talið;
 - stefnumótun stjórnvalda,
 - fjármögnun málaflokksins,
 - biðlistum eftir húsnæði,
 - áætlaðri nýliðun og
 - laga og reglugerða í málaflokknum.
- Forsendur og aðstæður geta tekið breytingum sem kalla á endurskoðun áætlunar.



Íbúar í Hafnarfirði – áætluð fjölgun

- Þann 1. janúar 2026 voru íbúar Hafnarfjarðar tæplega 32.400
 - Áætlanir gera ráð fyrir að íbúum komi til með að fjölga um 30% á næstu 10 árum og verði yfir 40.000 á árinu 2036.
- Í dag eru 100 einstaklingar með þjónustu vegna búsetu
 - 70 búa á heimili fatlaðs fólks
 - 30 með utankjarnaþjónustu
- Gert er ráð fyrir 26 nýjum umsóknum um sértækt húsnæði /utankjarnaþjónustu á tímabilinu 2026-2038



Staðan í dag

- 14 búsetuúrræði í Hafnarfirði
 - 70 íbúar
 - 30 einstaklingar með utankjarnaþjónustu
- 39 einstaklingar á biðlista eftir sértæku húsnæði í apríl 2026
 - Þar af 8 sem búa á tveimur herbergjaheimilum
 - 26 einstaklingar á biðlista eru með SIS mat
 - 12 einstaklingar með SIS mat í fl. 8-16
 - 14 einstaklingar með SIS mat í fl. 4-7
 - 13 einstaklingar ekki með SIS mat.



Áherslur í uppbyggingu á húsnæði

- Fjöldi íbúða í hverjum kjarna sbr. 3. gr. reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016, með síðari breytingum.
 - Í fjölbýlishúsi er heimild fyrir því að vera með allt að tíu íbúðir sem talið er að geti hentað einstaklingum sem falla að jafnaði í SIS flokk 8 og undir.
 - Þá er heimilt að vera með að hámarki sjö íbúðir ef um er að ræða heimili með sameiginlegri aðstöðu.
 - Áhersla á að ná fram hagkvæmni í rekstri með því að hámarka fjölda íbúða í samræmi við reglugerð með tilliti til þjónustuparfar íbúa á grundvelli SIS mats.



Uppbygging íbúða fyrir fatlað fólk

- Að á tímabilinu verði tvö herbergjaheimil lögð niður
- Að byggðar/keyptar verði 22 félagslegar leiguíbúðir
 - Teknar í notkun á tímabilinu
- Að byggðir verði 4 kjarnar með sólarhringsþjónustu
 - Smyrlahraun 41
 - 6 íbúðir til útleigu
 - Verður tekin í notkun á árinu 2027
 - Öldugata 47
 - 7 íbúðir til útleigu
 - Að verði tekin í notkun á árinu 2029
 - Ásland 4
 - 7 íbúðir til útleigu
 - Að verði tekin í notkun á árinu 2031
 - Kjarni
 - 7 íbúðir til útleigu
 - Að verði tekin í notkun á árinu 2037



Áætlun um þróun búsetuúrræða fatlaðra í Hafnarfirði

	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033	2034	2035	2036	2037	2038
Biðlisti í upphafi árs	39	41	34	37	31	28	23	25	20	22	24	20	21

														Samtals nýliðun og ný úrræði
Nýliðun	2	3	3	1	3	2	2	1	2	2	2	1	2	26
Leiguíbúð með stuðningi	0	1	1	1	1	0	1	0	1	1	1	0	1	9
Íbúðakjarni	2	2	2		2	2	1	1	1	1	1	1	1	17
Ný úrræði	0	10	0	7	6	7	0	6	0	0	6	0	7	49
félagslegar leiguíbúðir		4			6			6			6			22
íbúðakjarnar		6		7		7							7	27

Tegund búsetu / greining biðlista í upphafi árs														Undir <7 í SIS A 8-16 í SIS A
Leiguíbúð með stuðningi	27	28	25	26	27	21	22	22	17	18	19	13	14	
Íbúðakjarni	12	14	10	10	5	7	1	2	3	4	5	6	7	
Samtals:	39	42	35	36	32	28	23	24	20	22	24	19	21	

Staða biðlista í lok árs	41	34	37	31	28	23	25	20	22	24	20	21	16
--------------------------	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----

Stofnkostnaður (m.kr.)	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033	2034	2035	2036	2037	2038	Samtals
Félagsl. íb	0	240	0	0	360	0	0	360	0	0	360	0	0	1.320
Íbúðakj.	0	500	0	583	0	583	0	0	0	0	0	0	583	2.250
Samtals	0	740	0	583	360	583	0	360	0	0	360	0	583	3.570

Rekstrarkostnaður (m.kr.)	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033	2034	2035	2036	2037	2038	Samtals
Félagsl. íb	0,0	20,2	20,2	20,2	50,4	50,4	50,4	80,6	80,6	80,6	110,9	110,9	110,9	786
Íbúðakj.	0	291	291	582	582	873	873	873	873	873	873	873	1.164	9.021
Samtals	0	311	311	602	632	923	923	954	954	954	984	984	1.275	9.807

Samtals stofnk+rekstur (m.kr.)	0	1.051	311	1.185	992	1.507	923	1.314	954	954	1.344	984	1.858	13.377
--------------------------------	---	-------	-----	-------	-----	-------	-----	-------	-----	-----	-------	-----	-------	--------

Áætlaður kostnaður vegna fjárfestinga og reksturs þjónustu við íbúa

- Áætlaður heildarkostnaður við húsnæðisáætlun Hafnarfjarðar er 13.377.000 kr. yfir tímabilið.
 - Áætlaður stofnkostnaður vegna kaupa á 49 íbúðum er 3.570.000 kr. yfir tímabilið
 - Áætlaður rekstrarkostnaður er áætlaður 9.807.000 millj. kr. yfir tímabilið.
 - 27 íbúa í sólarhringsþjónustu
 - 22 íbúa í utankjarnaþjónustu



Af hverju húsnæðisáætlun ?

- Mannréttindi fyrir fullorðið fatlað fólk að geta búið á eigin heimili
- Mikilvægt fyrir aðstandendur að hafa vissu um hvað tekur við eftir að fullorðinaldri barna þeirra er náð
- Fyrirsjáanleiki fyrir alla þ.e. notendur, aðstandendur, starfsmenn og þjónustukerfið í heild
 - Betri nýting á fjármagni í málaflokknum
 - Í dag er kerfið að bregðast við með því að kaupa einkarekin úrræði eða setja inn mikinn einstaklingsstuðning með tilheyrandi kostnaði.
 - Kemur í veg fyrir flöskuhálsa í kerfinu þar sem biðlistar eru eftir úrræðum s.s. skammtímadvöl
 - Sveitarfélagið getur verið bótaskyldt
 - Skyld að upplýsa umsækjendur eftir sértæku húsnæði um hvenær fyrirhugað sé að húsnæðið verði tilbúið (sjá nýlegan dóm)
https://www.facebook.com/throskahjalp?locale=is_IS



Takk fyrir



Hafnarfjörður